

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Garðabær, 24. ágúst 2017

Kæri viðtakandi

Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi



Náttúrufraðistofnun Íslands hefur gefið út ritið Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Þetta rit er hluti af verkefninu Natura Ísland en það snýst einkum um að skilgreina, kortleggja útbreiðslu og meta verndargildi vistgerða, plantna og dýra og tilgreina net verndarsvæða á grunni þeirrar vinnu.

Meginmarkmið hvað fugla varðar er að (1) fá yfirsýn yfir dreifingu og stofnæðr fugla á landsvísu, (2) skilgreina verndarsvæði og lýsa fuglalífi þeirra á magnbundinn hátt og (3) leggja grunn að reglulegri vöktun svæðanna og viðkomandi fuglastofna. Bent er á svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þær fuglategundir sem dvelja hér að staðaldri (81 tegund) og birt er nýtt mat á öllum íslenskum fuglastofnum. Munar þar mest um nýtt mat á stofnum vaðfugla og spörfugla. Verkefnið var unnið í samstarfi við fjölda einstaklinga og stofnanir á sviði náttúrufraða.

Misjafnt er hversu mörg mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir hverja tegund, en langflest eru þau hjá fyl eða 38. Alls er skilgreint 121 alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og eru flest þeirra (70) sjófuglabyggðir og innan þeirra verpur meirihlut af stofnum 15 af 24 íslenskum sjófuglategundum. Um 25 svæði eru fyrst og fremst fjörur og aðliggjandi grunnsævi. Þau gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir farfugla eða þá sem vetrardvalarstaðir. Riflega 30 svæði eru inn til landsins og einkennast þau flest af lífriku myrlendi, vötnum og ám. Einnig eru flest þeirra mikilvæg sem varpsvæði en einnig koma ýmsir vatnafuglar þar við vor og haust og sumir fella þar fjaðrir. Nokkur lindasvæði eru jafnframt mikilvægir vetrardvalarstaðir.

Mikilvæg fuglasvæði er að finna í 65 af 74 sveitarfélögum landsins eða í 88% þeirra (sjá 6. viðauka í ritinu). Riflega þriðjungr sveitarfélaga (25) er með eitt mikilvægt svæði innan sinna marka og 12 (16%) eru með tvö. Langflest mikilvæg fuglasvæði eru innan marka Ísafjarðarbæjar (19) og munar þar mest um stóru fylabyggðirnar sem eru á þeim slóðum. Tíu svæði eru í Hornafirði og níu í Vesturbyggð og Skagafirði.

Ritið Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er aðgengilegt í pdf-útgáfu á vef Náttúrufraðistofnunar,

http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf og verður tenging við kortasjá virk síðar á árinu.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

